



Til bæjarráðs

Kópavogi, 13. ágúst 2024
2407492/202.10 PBM

Efni: Gjaldfrjálsar skólamáltíðir

Sambands íslenskra sveitarfélaga og Ríkisstjórn Íslands gáfu út sameiginlega yfirlýsingu þann 7. mars s.l. sem hafði þann tilgang að greiða fyrir langtíma kjarasamningum á vinnumarkaði. Sneri yfirlýsingin m.a. að því að boðið yrði upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum landsins frá og með haustinu 2024. Í samræmi við tilvitnaða yfirlýsingu samþykkti Alþingi breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem sneri einkum að gjaldfrjálsum skólamáltíðum. Lúta breytingarnar að því að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði færðar auknar tekjur úr ríkissjóði til að mæta kostnaði við að greiða niður skólamáltíðir í þeim sveitarfélögum sem bjóða upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Gert er ráð fyrir að framlag ríkisins jafngildi að meðaltali 75% af því sem foreldrar hefðu áður greitt og er háð því skilyrði að viðkomandi sveitarfélag greiði 25% á móti, þannig að hlutur foreldra verði 0 kr.

Samkvæmt upplýsingum frá menntasviði hefur þátttaka í verkefninu kostnaðaráhrif upp á kr. 62.561.527,- til hækkunar við áætlaða fjárhæð í fjárhagsáætlun 2024. Kostnaðaráhrifin eru vegna þeirra tekna sem falla niður og aukins áætlaðs hráefniskostnaðar að teknu tilliti til framlags ríkisins.

Lagt er til við bæjarráð að Kópavogsbær taki þátt í verkefninu og bjóði upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir á komandi skólaári. Fyrirkomulagi verði hagað með þeim hætti að áfram þurfi foreldrar að sækja um áskrift, m.a. til þess að halda utan um ofnæmi, óþol og sérfæði og fjölda nemenda í mat hverju sinni. Einnig verði áfram sendir út rafrænir reikningar (sem birtir eru í þjónustugátt) þar sem hlutdeild foreldra er 0 kr. en grein gerð fyrir hlutfallslegri skiptingu Kópavogsbæjar og ríkisins. Þannig helst fyrirkomulag innheimtu skólamáltíða og foreldrar um leið upplýstir um kostnaðarskiptinguna, sérstaklega í ljósi þess að hlutdeild ríkisins er háð fjárlögum ár hvert.

Aukinheldur er lögð fram tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2024 vegna þess umfram kostnaðaráhrifa sem af tillögunni verða.

Virðingarfyllt,

Pálmi Þór Másson
Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

